



Fundargerð

Fundur í fjallskilaneftnd Reykhólahrepps
Þriðjudaginn 19. ágúst 2014 kl. 13.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutróð 5a, Reykhólum.

Mættir: Einar Hafliðason, Hafliði Ólafsson, Herdís Erna Matthíasdóttir, Tómas Sigurgeirsson og Þráinn Hjálmarsson. Einnig sat fundinn Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Sveitarstjóri bauð fólk velkomið og setti fund. Tvær tilkynningar bárust utan dagskrár.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. Skipun formanns og varaformanns.

*Einar Hafliðason kjörinn formaður og Hafliði Ólafsson varaformaður.
Samþykkt samhljóða.*

Einar Hafliðason tók við fundarstjórn.

2. Leitar- og réttardagar í Reykhólahreppi 2014.

Rætt um fyrirkomulag leita árið 2014.

Leitað verður til Vesturbyggðar varðandi skipulagningu og mönnun leitar frá Kjálkafirði inn í Skálmardal.

Þorskaftarðarheiði, leitað 30. ágúst, 6. og 7. september.

Bæjarnes og Skálmardalur, leitað fimmtudaginn 11. og föstudaginn 12. september.

Kollafjörður, leitað laugardaginn 13. september og seinni leit laugardaginn 4. október.

Reykjanes, leitað föstudaginn 19. september, seinni leit sunnudaginn 5. október.

Þórisstaðir og Gröf, leitað föstudag 19. september, seinni leit laugardaginn 4. október.

Önnur svæði, leitað laugardaginn 20. september, fyrri leit, og seinni leit laugardaginn 4. október.

Réttað verður í Eyrarrétt laugardaginn 13. september.

Réttað verður í Kinnarstaðarrétt sunnudaginn 21. september kl 11.

Réttað verður í Króksfjarðarnesrétt laugardaginn 20. september.

Réttað verður í Grundarrétt föstudaginn 19. september.

3. Fjallskilaseðill.

Búfjártölur lagðar fram og útreikningur dagsverka samkvæmt þeim.

4. Erindi frá Olgu Sigvaldadóttur, Hamarlandi, móttekið 19. ágúst 2014, er varðar hrúta og geldfé í girðingu á Hamarlandi.

Lagt fram.

5. Erindi frá Halldóru Játvarðardóttur, Miðjanesi, dagsett 19. ágúst 2014, varðandi fyrirkomulag við Kinnarstaðarétt.

Lagt fram, tekið verður tillit til erindisins.

Önnur mál (ef einhver):

Fundargerð lesin, fundi slitið kl. 14.35.
